

161  
10. des.

## Bréf félagsmálaráðuneytisins til sýslumannsins í Kjósarsýslu, um skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö hreppsfélög.

Samkvæmt beiðni hreppsnefndar Seltjarnarneshrepps og meðmælum sýslunefndar Kjósarsýslu um skiptingu Seltjarnarneshrepps í tvö hreppsfélög, vill ráðuneytið hér með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 12 31. maí 1927, skipa svo fyrir sem hér segir:

1. Seltjarnarneshreppi í Kjósarsýslu skal skipt í tvö hreppsfélög, er nefnast Seltjarnarneshreppur og Kópavogshreppur.

Seltjarnarneshreppur tekur yfir Seltjarnarnes vestan Reykjavíkur og á sameiginleg mörk með Reykjavíkurkaupstað að austan, en að öðru leyti ræður strandlengja nessins þeim hreppi. Honum fylgja einnig eyjar þær, er áður hafa tilheyrt Seltjarnarneshreppi.

Kópavogshreppur tekur yfir þann hluta Seltjarnarneshrepps hins forna, sem er sunnan og austan Reykjavíkur og eru hreppamörk hins nýja hrepps þessi: Að norðan lögsagnarumdæmi Reykjavíkur að Elliðakotslandi í Mosfellshreppi, en eftir það ráða að norðan og austan landamerki jarðanna Elliðakots í Mosfellshreppi og Gunnarshólma, Geirlands og Lækjarbotna í Kópavogshreppi. Að sunnan ráða hreppamörkum landamerki jarðanna Vífilstaða, Hofstaða og Arnarness í Garðahreppi og Vatnsenda, Fífuhvamms, Smárahvamms og Kópavogs í Kópavogshreppi til sjávar í Kópavogi, þar sem saman koma landamerki Arnarness og Kópavogslands, en þaðan ræður strandlengjan að vestan í Fossvogslækjarós.

2. Eignum og skuldum Seltjarnarneshrepps hins forna, eins og þær voru um áramótin 1947—1948 samkvæmt hreppsreikningi, skal skipt eftir skiptitölunni 60:40, þannig að í hlut Seltjarnarneshrepps hins nýja komi 60%, en í hlut Kópavogshrepps 40%. Skuldakröfur, sem komið hafa fram eftir að hreppsreikningurinn var gerður eða síðar kunna að koma fram, og ekki eru greiddar áður en skiptum lýkur, greiðast af hinum nýju hreppum eftir skiptitölu, enda séu þær réttmætar.
3. Framfærsla þeirra, sem voru styrkþegar Seltjarnarneshrepps hins forna um áramót 1947—1948, eða síðar kunna að verða úrskurðaðir á hann, svo og barnsmeðlög, greiðist framvegis af hinum nýju hreppum í hlutfalli við skiptitölu.
4. Elli- og örorkustyrkþegar tilheyri hinum nýju hreppum, eftir því sem þeir eiga lögheimili.
5. Afföll af útistandandi skuldum, þar með talin útsvör, skiptast milli hinna nýju hreppa eftir skiptitölu.
6. Eignum Sjúkrasamlags Seltjarnarneshrepps hins forna skal skipt milli sjúkrasamlaga Kópavogshrepps og Seltjarnarneshrepps hins nýja þannig:
 

Helmingi eignanna skal skipt í beinu hlutfalli við skiptingu fullgildra meðlima hinn 31. desember 1947, en hinum helmingnum skal skipt í beinu hlutfalli við innborguð iðgjöld úr hvorum hreppshluta um sig til ársloka 1947.

Skipting þessi fer fram undir eftirliti Tryggingastofnunar ríkisins.
7. Verðbréf öll komi í hlut Seltjarnarneshrepps, en vélar í hlut Kópavogshrepps, hvort tveggja með bókfærðu verði.
8. Um skiptingu fasteigna fer sem hér segir:

Fasteignir þær, sem eru í hvorum hreppi um sig, komi í hans hlut með bókfærðu verði samkvæmt hreppsreikningi 1947.

Í hlut Seltjarnarneshrepps komi:

161

10. des.

1. Mýrarhúsaskóli með lóð,
2. Brekka með lóð,
3. Melagerði,
4. Viðeyjarskóli.

Í hlut Kópavogshrepps komi:

1. Kópavogsskóli í byggingu eins og hann var um áramót 1947—1948,
2. Lækjarbotnar.

Um eignirnar Lækjarbotna og Viðeyjarskóla gildir þó það samkomulag um næstu tvö ár, eða til 1. janúar 1951, að verði þær seldar á þeim tíma við herra eða lægra verði en þær eru bókfærðar samkvæmt hreppsreikningi 1947, skal verðmismunurinn skiptast á hreppana eftir skiptitölunni 60:40. Eignin Lækjarbotnar skal þó ekki seld meðan núverandi ábúandi býr þar og vill njtja jörðina.

Vilji Seltjarnarneshreppur á þessum tilgreinda tíma selja Viðeyjarskóla, þá hefur Kópavogshreppur forkaupsrétt að skólahúsinu, enda segi hann til innan 14 daga frá því honum barst kauptilboðið, hvort hann vill nota forkaupsréttinn.

Þetta sama gildir og um Lækjarbotna út samningstímann, eftir að núverandi ábúandi hættir að njtja jörðina, vilji Kópavogshreppur selja jörðina.

Hætti annar hvor hreppurinn tilvist sinni sem sjálfstætt sveitarfélag innan umrædds tíma eða síðar, eignast hinn hreppurinn þá eign kvaðalaust, er hann hefur fengið í sinn hlut, en getur, ef hann óskar, leyst til sín á bókfærðu verði samkvæmt hreppsreikningi 1947, þá eignina, er kom í hlut þess hreppsins, sem niður var lagður.

Verði önnur hvor eða báðar hinna tilgreindu eigna óseldar hinn 1. janúar 1951, gildir þetta samkomulag áfram að því er snertir þá eign, þangið til annar hvor hreppanna segir upp þessu samkomulagi, en uppsógnin skal gerð með þriggja mánaða fyrirvara.

Náist þá ekki samkomulag, getur Kópavogshreppur leyst til sín kvöðina á Lækjarbotnum fyrir 60% af þeim mismun á bókfærðu verði og kostnaðarverði, sem kominn er fram samkvæmt hreppsreikningi 1947 (60% af kr. 18235.00), nema hann kjósi mat dómkvaddra manna á eigninni.

9. Fjallskil og refaeyðing á afrétti skal vera sameiginleg, þar til hreppsnefndir ákveða annað með samþykki sýslunefndar Kjósarsýslu.
10. Bækur og skjöl Seltjarnarneshrepps hins forna verði eign Seltjarnarneshrepps, en hreppsnefnd Kópavogshrepps skal hafa aðgang að þeim eftir þörfum.
11. Aðskilnað hreppanna skal miða við 1. janúar 1948. Framkvæmd skipta á eignum, skuldum og skuldbindingum annast hreppsnefndir hinna nýju hreppa.

Verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd Kjósarsýslu.

Þetta tilkynnist yður hér með, herra sýslumaður, til frekari aðgerða og birtingar þeim, er hlut eiga að máli.